**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1435 — 972. mál.**

# Fyrirspurn

**til fjármála- og efnahagsráðherra um bifhjól.**

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

1. Er skylt að vátryggja bifhjól, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, í 12 mánuði á hverju ári eða í tiltekinn lágmarkstíma samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019, og ef svo er, hversu langan?
2. Er skylt að innheimta slysatryggingu ökumanns og eiganda fyrir hvert bifhjól samkvæmt sömu lögum?
3. Eru ákvæði í lögum eða reglugerðum sem takmarka möguleika eigenda bifhjóla á að skila inn skráningarnúmerum tímabundið og þar með fella niður skyldu um ábyrgðartryggingu ökutækis og eftir atvikum slysatryggingu?

**Skriflegt svar óskast.**